

## Fundur bæjarstjórnar Akraness, 14. janúar 2020

### Tillaga Sjálfstæðisflokksins á Akranesi um stofnun starfshóps um hirðu, endurvinnslu og eyðingu sorps á Akranesi, lögð fram á bæjarstjórnarfundi 14. janúar 2020

#### Tillaga

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til við bæjarstjórn Akraness að fela bæjarráði í samvinnu við skipulags- og umhverfisráð að vinna drög að erindisbréfi starfshóps um hirðu, endurvinnslu og eyðingu sorps á Akranesi. Erindisbréfið og skipan starfshóps verði lögð fyrir ráðin til samþykktar eigi síðar en í lok febrúar 2020.

#### Greinargerð:

Þriðjudaginn 13. nóvember 2018 lagði Sjálfstæðisflokkurinn til við bæjarstjórn Akraness að sveitarfélagið kæmi fram með umhverfisstefnu eigi síður en í apríl 2019. Umhverfisstefnunni myndi fylgja aðgerðaáætlun um hvernig Akraneskaupstaður hyggst mæta fyrirliggjandi áskorunum um aðgerðir í umhverfismálum s.s. loftslagsmálum og aðgerðum til að draga úr plastnotkun. Í janúar 2020 hefur stefnan ekki litið dagsins ljós sem er miður að mati bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Er það von okkar að stefnan verði lögð fyrir bæjarstjórn á komandi vikum.

Einn liður í að fylgja eftir umhverfisstefnu er að greina hvernig sveitarfélagið getur gert betur þegar kemur að sorphirðu og endurvinnslu sorps og eyðingu. Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að stofnaður verði starfshópur sem ætlað er að koma fram með kostnaðarmetnar tillögur að umbótum í þessum efnum fyrir lok árs 2021.

- Sveitarfélög á Íslandi hafa undanfarin ár verið að horfa í auknum mæli til hinna 17 heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Ellefta markmiðið tekur á sjálfbærum borgum og samfélögum þar sem undirmarkmið er m.a. aukin endurvinnsla og flokkun sorps. Þrettánda markmiðið snýr að aðgerðum í loftslagsmálum sem endurvinnsla og flokkun hafa einnig áhrif á. Þá hefur ríkisstjórn Íslands sett fram aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og eru úrgangsmál einn af þeim þáttum sem þar eru settir fram. Akraneskaupstaður þarf að mynda sér skýra sýn um það hvernig sveitarfélagið í samvinnu við bæjarbúa ætlar að draga úr myndun sorps með aukinni endurvinnslu og flokkun.
- Árið 2022 þarf Akraneskaupstaður að bjóða út að nýju að sorphirðu fyrir heimili, rekstur á móttökustöð, flutning og urðun á sorpi. Það er mikilvægt að fá tímanlega fram tillögur um úrbætur í sorpmálum sem munu stuðla að aukinni sjálfbærni og bættum loftgæðum til framtíðar.
- Sorpurðun Vesturlands hf. tekur við urðanlegu sorpi m.a. frá Akranesi og Akraneskaupstaður er einn að eigendum félagsins. Áskoranir Sorpurðunar Vesturlands hf. til framtíðar eru miklar. Akraneskaupstaður þarf því að setja fram með skýrum hætti hvaða væntingar hann hefur umþjónustuhlutverk Sorpurðunar Vesturlands til framtíðar.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að starfshópurinn verði skipaður 5 fulltrúum, þremur frá meirihluta og tveimur frá minnihluta. Þá er lagt til að formaður starfshópsins verði úr röðum Sjálfstæðisflokksins. Starfshópurinn þarf að fá aðgang að fagaðilum málauflokkssins sem og embættismönnum Akraneskaupstaðar. Starfshópur um hirðu, endurvinnslu og eyðingu sorps þarf að taka mið af ofangreindum þáttum og ljúka störfum sínum eigi síðar en 31. desember 2021.

Rakel Óskarsdóttir

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Einar Brandsson

Ólafur Adolfsson

Rakel Óskarsdóttir  
Sandra Margrét Sigurjónsdóttir  
Ólafur Adolfsson  
Einar Brandsson